



Alþingi
Erindi nr. P 131/423
komudagur 3.12.2004


3. desember 2004
SI-20065


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 25. nóvember 2004 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 351. mál, skatthlutfall, afnám eignaskatts o.fl.

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til breytinga á einstökum sköttum eða skatthlutföllum. Síðdegis í gær, fimmtudaginn 2. desember, birti bankinn á heimasíðu sinni desemberhefti ársfjórðungsritsins *Peningamála*. Í því var ný þjóðhags- og verðbólguþáttur bankans auk greiningar á framvindu mikilvægra þátta þjóðarbúskaparins. Meðal annars var vikið að frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 og almennt að horfunum í ríkisfjármálum til lengri tíma litið. Spárnar voru kynntar efnahags- og viðskiptanefnd á fundi síðdegis í gær. Seðlabankinn hefur engu að bæta við það sem fram kemur í *Peningamálum*.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísleifur Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605